



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Ytra mat grunnskóla – Varmárskóli

Dags: 1. febrúar 2021

Málsnúmer: 201906059/13.1.0


Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmenn: Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri og Linda Udengård, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

Inngangur

Varmárskóli, í þeirri mynd sem hann starfar eftir í dag, varð til með sameiningu Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar og Varmárskóla árið 2001. Þá varð til stærsti grunnskóli landsins en heldur dró úr fjölda nemenda með stofnun Lágafellsskóla það sama ár. Skólaþróun Mosfellsbæjar helst í hendur við breytingar á aðalnámskrá og á grunnskólalögum og þá hefur fjölgun íbúa í bænum sín áhrif. Skólasamfélagið í Mosfellsbæ er fjölbreytt þar sem menning hvers skóla er sérstæð.

Fjöldi barna í yngri og eldri deild Varmárskóla



Í dag eru 859 nemendur við skólann í tveimur aðalhúsum, eldri deild þar sem eru 404 nemendur og yngri deild með 455 nemendur. Hér að neðan má sjá spálíkan fyrir fjölda nemenda til næstu þriggja ára miðað við 3,0% íbúafjölgun í Mosfellsbæ.

Í dag starfa við skólann tveir skólastjórar sem skipta á milli sín daglegri stjórnun í eldri og yngri deild, stöðugildi deildarstjóra eru sex.

Mötuneyti skólans er rekið í húsnæði eldri deildar og er sameiginlegt fyrir skólann. Að öðru leyti er ekki um sameiginlegt rými að ræða nema að skólalóð er að hluta til nýtt sameiginlega. Stöðugildi umsjónarmanns fasteigna, kerfisstjóra, þjónustufulltrúa og starfs- og námsráðgjafa eru sameiginleg fyrir allan skólann. Skýr skipting er á milli húsa hvað varðar önnur stöðugildi eins og deildarstjóra, kennara og aðra starfsmenn. Skólamenning er ólík á milli húsa líkt og markast meðal annars af mismunandi kennsluumhverfi vegna aldurs nemenda.

Haustið 2020 fór fram ytra mati á Varmárskóla á vegum Menntamálastofnunar. Í niðurstöðum þess mats komu fram vísbendingar um að skoða þyrfti nánar gildandi stjórnskipulag skólans. Í úttekt menntamálaráðuneytis á Varmárskóla frá árinu 2010 kom m.a. fram að: „Varmárskóli er í vissum skilningi tvær stofnanir sem báðar lúta einni yfirstjórn sem sameinast í tveimur skólastjórum.“

Á 1446 fundi bæjarráðs þann 4. júní s.l. samþykkti bæjarráð að fela bæjarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs að láta framkvæma úttekt og mat á stjórnskipulagi Varmárskóla. Sú úttekt fór fram haustið 2020 og var fenginn til verksins Haraldur Líndal Haraldsson hjá HLH ráðgjöf sem hefur viðamikla þekkingu á starfsemi sveitarfélaga og skólamála.



Meginmarkmið úttektar var að greina stjórnskipulag og stjórnun Varmárskóla. HLH ráðgjöf var falið að kanna hvort að til staðar væru tækifæri til umbóta eða breytinga á stjórnskipulagi og verkaskiptingu stjórnenda. Á þeim grunni yrðu settar fram ólíkar sviðsmyndir um framtíðarfyrirkomulag starfseminnar. Með hverri sviðsmynd átti að lýsa kostum og göllum og meta hvaða sviðsmynd fæli í sér mestan ávinninginn til framtíðar fyrir Varmárskóla.

Niðurstöður úttektar og tillögur

Á 1472 fundi bæjarráðs þann 14. janúar sl. var lögð fram greining á stjórnskipulagi Varmárskóla og tillögur að breytingum sem unnin var af hálfu Haraldar Líndal Haraldssonar frá HLH ráðgjöf líkt og áður segir.

Við gerð skýrslunnar var rætt við báða skólastjóra Varmárskóla, alla deildarstjóra við skólann, formann stjórnar foreldrafélagsins og verkefnastjóra grunnskólamála hjá Mosfellsbæ. Auk þess var rætt við bærarstjóra og framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs. Stuðst var við tölulegar upplýsingar frá skólastjórum og af vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í skýrslunni HLH ráðgjafar eru tilgreindir kostir og gallar núverandi fyrirkomulags í stjórnskipun skólans. Gallarnir voru metnir fleiri en kostirnir og kölluðu á tillögur um breytt fyrirkomulag.

Þrjár sviðsmyndir til breytinga frá núverandi stjórnskipun má finna í greiningunni. Þær sviðsmyndir eru: Í fyrsta lagi einn skólastjóri og aðstoðarskólastjóri, í öðru lagi einn skólastjóri og tveir aðstoðarskólastjórar en báðar þessar tillögur höfðu töluverða annmarka að mati ráðgjafa. Þriðja sviðsmyndin, að skipta skólanum upp í tvo sjálfstæða skóla þar sem skólastjóri væri til staðar alla daga í byggingunni, var sú sviðsmynd sem tillögur HLH ráðgjafar grundvölluðust á. Reynsla ráðgjafa og niðurstöður úr viðtölum hans og mati í allmörgum sveitarfélögum sýndi að oft hallar á aðra skólabygginguna þegar einn stjórnandi væri yfir tveimur aðskildum starfseiningum. Sú sviðsmynd sem álitlegust væri fyrir Varmárskóla væri því að skipta skólanum upp í tvo sjálfstæða skóla með skólastjóra í hvorum skóla, ásamt stjórnunarteymi deildarstjóra.

„Það er mat höfundar að með því fáiist markvissari stjórnun á málefnum hvors skóla, bæði faglega og fjárhagslega. Hvað varðar rekstrargjöld eiga þau ekki að hækka við þessa breytingu. Reynsla af rekstri skóla í fjölmönnum sveitarfélögum, þar sem ekki eru reknir heilstæðir skólar, er að þeir koma almennt betur út rekstrarlega en heilstæðir skólar með álíka fjölda nemenda.“ (Haraldur Líndal Haraldsson, Greining á stjórnskipulagi Varmárskóla og tillögur, bls. 15)

Það er einnig mat ráðgjafa HLH að það fari betur á því að bæði fagleg og rekstrarleg ábyrgð sé hjá einum aðila í stað tveggja eins og nú er. Samskipti út á við ættu m.a. að verða auðveldari þar sem einn aðili ber ábyrgð á þeim í stað tveggja eins og nú er.

Til að undirbyggja tillögur HLH ráðgjafar var rekstrarlegur grundvöllur fyrir tveimur skólum metinn og niðurstaða þeirrar greiningar var að skipting Varmárskóla í tvo sjálfstæða skóla kalli ekki á hærri rekstrarkostnað miðað við núverandi stöðu Varmárskóla. Lögð er áhersla á að standa vörð um þá kosti sem tilgreindir eru í skýrslu HLH ráðgjafar í núverandi stjórnskipulagi.



Kynning á niðurstöðum

Á 1472 fundi bæjarráðs þann 14. janúar sl. var skýrsla HLH ráðgjafar lögð fyrir og samþykkt að vísa tillögunni til umsagnar hjá fræðslunefnd og skólaráði Varmárskóla. Jafnframt var lagt til að tillögur yrðu kynntar hagaðilum eins og stjórnendum, starfsmönnum og foreldrum. Í framhaldi af þessari málsmeðferð verði málið tekið til umræðu og afgreiðslu í bæjarráði í febrúar.

Það kynningar- og umsagnarferli hefur farið fram. Lögð var áhersla á að kynna málið fyrir öllum hagaðilum sem fyrst þannig að upplýsingar um tillögurnar lægu fyrir. Haraldur Línadal ráðgjafi HLH kynnti skýrsluna á öllum kynningum. Hann svaraði jafnframt fyrirspurnum á kynningum en einnig voru bæjarstjóri, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs og skólastjórar til svara.

Kynningar fóru fram með eftirfarandi hætti:

1. Kynning í bæjarráð fimmtudaginn 14. janúar 2021 – tillögu vísað til umsagnar og kynningar.
2. Kynning fyrir stjórnendum Varmárskóla fimmtudaginn 14. janúar 2021 – rafrænn fundur með fyrirspurnum.
3. Kynning fyrir starfsfólk Varmárskóla föstudaginn 15. janúar 2021 – rafrænn fundur með fyrirspurnum.
4. Kynning fyrir skólaráði Varmárskóla á fundi þess þriðjudaginn 19. janúar 2021 – rafrænn fundur með fyrirspurnum.
5. Kynning fyrir foreldrum Varmárskóla þriðjudaginn 19. janúar 2021 – streymi á fésbókarsíðu Varmárskóla - hægt var að koma með skriflegar fyrirspurnir á fundartíma. Upptaka aðgengileg og opin öllum eftir fund. Boðið upp á að senda inn skriflegar fyrirspurnir.
6. Kynning í fræðslunefnd miðvikudaginn 20. janúar 2021 – umsögn og rökstuðningur nefndar samþykkt og send til bæjarráðs.
7. Skólaráð Varmárskóla fundar 27. janúar 2021 – umsögn ráðsins samþykkt og send til fræðslu- og frístundasviðs.

Umsögn fræðslunefndar 20. janúar 2021

Í fræðslunefnd sitja fulltrúar allra stjórnarálflokka í Mosfellsbæ, kennara, foreldra og stjórnenda í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Niðurstaða fræðslunefndar var eftirfarandi:

Fræðslunefnd leggur til að bæjarráð samþykki tillögur HLH ráðgjafar um að Varmárskóla verði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að fulltrúar hagaðila eigi aðkomu að áframhaldandi vinnu við framkvæmd skiptingarinnar. Umsögn og rökstuðningur sent bæjarráði.

Sjá jafnframt meðfylgjandi umsögn og rökstuðning fræðslunefndar í fundargögnum.



Umsögn skólaráðs Varmárskóla 27. janúar 2021

Í skólaráði eiga sæti skólastjórar, fulltrúar kennara úr eldri og yngri deild, starfsmanna, foreldra, grenndarsamfélagsins og nemenda. Í niðurstöðu skólaráðs kom eftirfarandi fram:

Fulltrúar í skólaráði ræddu þetta innan sinna raða og buðu sínum hópum upp á frekara samtal um tillöguna að undanskildum fulltrúum foreldra þar sem þeir náðu ekki vegna tímaskorts að kynna tillöguna innan sinna raða og fá viðbrögð. Aðstæður fulltrúa foreldra eru ólíkar öðrum fulltrúum sem hafa betra aðgengi að sínum hópum. Skólafólkið í eldri deild er jákvætt fyrir skiptingunni, í yngri deild má merkja bæði með og á móti. Fulltrúi grenndarsamfélagsins telur sóknarfæri í að skipta upp í tvo skóla, fulltrúar nemenda telja skiptingin vera betri en að halda áfram sem einn skóli.

Sjá jafnframt meðfylgjandi umsögn skólaráðs í fundargögnum.

Aðrir hagaðilar

Í kynningum fyrir stjórnendur, starfsfólk og foreldra komu fram ýmsar spurningar og umræður um málið voru málefnanlegar. Sumir tjáðu sig um að þessar tillögur hefðu ekki komið á óvart, ólík menning væri innan hvorrar byggingar og bjartsýni ríkti um áframhaldið ef þær yrðu samþykktar. Margar spurningar úr kynningum lutu að innra starfi skólanna eins tilhögun mötuneytis, samfellu í námi á milli skóla, skólahverfisskilgreiningar og stöðu starfsmanna sem ynnu í báðum byggingum.

Innan Varmárskóla hafa umræður átt sér stað um málið og meðal annars bókað í fundargerðir innahúss að hugsanlega verðir boðleiðir skýrari og utanumhald einfaldara með skiptingu í tvo skóla. Einnig töldu kennarar að skiptingin hefði í raun ekki mikil áhrif á starfið. Það kom einnig fram í umræðunni að mikilvægt væri að halda í það sem vel er gert og að skólarnir yrðu alltaf miklir samstarfsskólar.

Allar ábendingar úr kynningum og umræðum eru gott veganesti inn í áframhaldandi vinnu með tillögur HLH ráðgjafar ef þær hljóta brautargengi.

Tillaga að næstu skrefum

Lagt er til að Varmárskóla verði skipt upp í tvo sjálfstæða skóla með skólastjóra í hvorum skóla, ásamt stjórnunarteymi deildarstjóra. Tilgangur þess er að fá fram markvissari stjórnun bæði hvað varðar faglega þætti og fjárhagslega.

Skipting Varmárskóla í tvo sjálfstæða skóla kallar ekki á aukin rekstrarkostnað miðað við núverandi stöðu Varmárskóla og staðinn verður vörður um þá kosti sem tilgreindir eru í skýrslu HLH ráðgjafar í núverandi stjórnskipulagi. Gera má ráð fyrir því að fram komi bæði faglegur og rekstrarlegur ávinningur af því að öll ábyrgð liggi hjá einum skólastjóra í stað tveggja eins og nú er. Þá má gera ráð fyrir því að samskipti út á við verði auðveldari þar sem einn aðili mun bera ábyrgð á þeim í stað tveggja eins og nú er.

Lagt er til að nýir skólar taki formlega til starfa í upphafi næsta skólaárs 2021-2022 þann 1. ágúst næst komandi. Annars vegar grunnskóli fyrir 1.-6. bekk og hins vegar grunnskóli fyrir 7.-10. bekk sem er sama skipting og er í dag á milli eldri og yngri deilda.



Einn skólastjóri verði í hvorum skóla fyrir sig sem myndi stjórnunarteymi skólans með deildarstjórum. Frístund fyrir 1.-4. bekk verði óbreytt og tilheyra þeim skóla þar sem yngri deildir eru. Skólahverfi þessa skóla verður óbeytt.

Mikilvægt er að stutt verði vel við framkvæmd ofangreindra breytinga og að byggt verði undir öflugna samvinnu milli skólanna. Lagt er til að fræðslu- og frístundasvið mun halda utan um verkefnið ásamt skólastjórum. Á þeirra herðum mun hvíla öll vinna hvað varðar tæknilega úrvinnslu eins og stofnun skólanna, fjármál þeirra og mannauðsmál. Til ráðgjafar þar verða fjármálastjóri, mannauðsstjóri, lögmaður Mosfellsbæjar og aðrir þeir starfsmenn sem þurfa að koma að verkefninu.

Samhliða þeirri vinnu verður komið á fót tímabundnum sameiginlegum vinnuhópi innan núverandi Varmárskóla sem mun einkum fjalla um skipulag innra starfs. Verkefnastjóri grunnskólamála á fræðslu- og frístundasviði mun leiða vinnu hópsins en lagt er til að í hópnunum eigi sæti skólastjórar, einn deildarstjóri frá hvorri deild, trúnaðarmenn kennara í yngri og eldri deild og einn starfsmaður úr yngri og eldri deild. Helstu verkefni hópsins er að tryggja samfellu náms á milli skóla, rýna fyrirkomulag mótuneytis og skólalóðar á grunni tillagna HLH ráðgjafar og formgera samvinnu félagsmiðstöðvar í 5.-10.bekk.

Lagt er til að vinnuhópurinn hafi tillögur HLH ráðgjafar til hliðsjónar í umfjöllun sinni og eigi skilvirkt samráð við hagaðila sem eru helstir: fulltrúar foreldra, sérstaklega foreldra í 6. bekk og 7. bekk, nemendur í yngri og eldri deild og starfsfólk bæði í yngri og eldri deild. Á þetta einkum og sér í lagi við um það starfsfólk sem í dag vinnur í báðum skólabyggingum. Loks er lagt til að starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Bólsins verði hluti af haggaaðilahópnum.

Virðingarfyllst;

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri

Linda Udengård framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs